

# Brugðist sé við rangfærslum með birtingu rétttra upplýsinga

Í kjölfar fjölda erinda til Landssamtakanna Geðhjálpar vill stjórn samtakanna vekja athygli á þeirri staðreynd að megineinkenni geðhvarfa felast í tímabundnum geðhæðum og -lægðum og því að einkenni geðhæða hverfa um leið og jafnvægi er náð á ný. Brýnt er að almenningur sé meðvitaður um að þegar einstaklingur með geðhvörf er ekki í geðhæð sé hann jafn veruleikatengdur og trúverðugur og allur almenningur. Síðast en ekki síst er því alfarið vísað á bug að eitt af megineinkennum geðhæða felist í auknum áhuga á kynlífi þótt dæmi séu um slíkt á meðan á geðhæð stendur.

Geðhjálp minnir á að fólk með geðraskanir verði fyrir hvað mestum fordómum af öllum jaðarsettum hópum í samfélaginu. Fjölmíðlafólk, aðrir áhrifavaldar og almenningur þurfi að vera vakandi fyrir því að ala ekki á fordómum gagnvart þessum hópi með því að birta fordómafull ummæli á opinberum vettvangi. Þegar ekki takist að véfengja fordómafull ummæli viðmælenda á meðan á umfjöllun standi, sé eðlilegt að bregðast við rangfærslum með því að birta réttar upplýsingar eftir fagfólk og notendum í kjölfarið.

Stjórn Geðhjálpar hvetur fjölmiðla til að ljá fólki með sögu um geðrænan vanda rödd, draga ekki í efa trúverðugleika þess, forðast eftir fremsta megni birtingu fordómafullra ummæla gagnvart fólki með geðrænan vanda og stuðla að því að fræða almenning um eðli geðraskana og réttindi fólks með geðraskanir með faglegum og uppbyggilegum hætti. Samtökin benda á Réttindagátt sína [www.rettindagatt.is](http://www.rettindagatt.is) í tengslum við umfjöllun um lagaleg réttindi fólks með geðraskanir.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd Landssamtakanna Geðhjálpar,

Hrannar Jónsson, formaður

Reykjavík, 8. febrúar 2019

